

Grindavíkurbær
Víkurbraut 62,
240 Grindavík

Garðabær, 19. nóvember 2025
202511-0045/A.B.
08.01

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Grindavíkur 2018–2032 vegna vegöryggis á Norðurljósavegi og Grindavíkurvegi - Grindavíkurbær.

Vísað er í erindi Grindavíkurbæjar um óverulega breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2018–2032 vegna breyttrar legu Norðurljósavegar, dags. 13. nóvember 2025. Í erindinu kemur fram að markmiðið sé að tryggja örugga og greiða umferð með endurbótum á um 300 metra kafla vegarins og endurbættum gatnamótum við Grindavíkurveg. Breytingin er sögð nauðsynleg í kjölfar eldsumbrota og tímabundinna vegaframkvæmda sem hafa skapað hættu og ótrygga umferðarstýringu.

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að hraunið innan framkvæmdasvæðisins nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eins og kemur fram í greinargerð.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr.

náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun getur ekki tekið undir þá fullyrðingu í greinargerð að verndargildi hraunsins sé takmarkað eða að enginn hörgull sé á sambærilegu hrauni á svæðinu.

Engin slík gögn fylgja erindinu og liggur því fyrir veruleg óvissa um verndargildi hraunsins. Í ljósi þess að hraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögunum er ekki unnt að meta verndargildi þess sem „takmarkað“ án þess að fyrir liggi fagleg úttekt sem tekur til jarðfræðilegra eiginleika þess.

Náttúruverndarstofnun áréttar að fullyrðingar um „*enginn hörgull sé á hrauni*“ geta ekki talist gild rök í mati á vernd á jarðmyndunum, enda fjallar 61. gr. um sérstaka vernd jarðmyndunar óháð magni á sambærilegu hrauni í nágrenninu.

Framkvæmd

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvirkibæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri